



LEIÐBEINANDI REGLUR

fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk, samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum

Samkvæmt 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, skulu sveitarfélög veita fötluðu fólki kost á ferðapjónustu með það að markmiði að þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar sé gert kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsstunda.

Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á ferðapjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks og vegna annarrar þjónustu sem því er veitt sérstaklega.

Þá segir í 35. gr. laganna að ráðherra gefi út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin. Þessum reglum sé ætlað að vera til hliðsjónar og stuðla að samræmi milli sveitarfélaga og þjónustusvæða.

Við setningu og framkvæmd reglna sinna skulu sveitarfélög taka mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í 20. gr. samningsins kemur fram að aðildarríkin skuli gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks í þeim efnunum, eftir því sem frekast er unnt, meðal annars með því að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem og þegar því hentar og gegn viðráðanlegu gjaldi.

Boðið hefur verið upp á ferðapjónustu fyrir fatlað fólk um árabíl. Sveitarfélögin hafa borið ábyrgð á þjónustunni og felur yfirfærsla sértækrar félagsþjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga ekki í sér sjálfkrafa breytingar á inntaki eða framkvæmd hennar.

Flest sveitarfélög framfylgja reglum um ferðapjónustu og gilda þær áfram á hverjum stað þar til viðkomandi sveitarfélag ákveður endurskoðun. Endurskoðun fer þá fram á grundvelli 35. gr. laganna og þeirra leiðbeinandi reglna velferðarráðherra sem hér fylgja á eftir:

1. gr.

Réttur til ferðapjónustu og inntak hennar.

Sveitarfélag er skyldugt til að veita fötluðu fólki kost á ferðapjónustu í samræmi við það almenna markmið laga að skapa fötluðu fólki skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins og jafna aðstöðumun sem kann að vera til staðar milli fatlaðs fólks og ófatlaðs við aðgengi að almenningsfarartækjum.

Reglur sveitarfélags skulu tryggja að fötlun einstaklinga komi ekki í veg fyrir að þeir geti stundað atvinnu og nám og notið tómsstunda og afþreyingar. Er átt við þá atvinnu, nám og tómsstundir sem hinn fatlaði einstaklingur hefur valið sér.

Reglur sveitarfélags skulu einnig tryggja rétt fatlaðs fólks til aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar sértækrar félagsþjónustu.

Við framkvæmd verkefna samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks skal tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.



2. gr.

Notendur þjónustunnar.

Reglur sveitarfélags skulu skilgreina þann hóp notenda sem á rétt á þjónustu. Að lágmarki ætti skilgreiningin að fela í sér eftirfarandi:

- a. Að notandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu.
- b. Að notandi geti ekki nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar.
- c. Að notandi eigi ekki bifreið sem keypt er með styrkjum frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 4. gr.

Sveitarfélag getur valið að hafa sameiginlegar reglur fyrir ferðþjónustu sem taka til fleiri en þess hóps fatlaðs fólks sem reglurnar hafa gilt um hingað til, og er þá einkum vísað til aldraðra, barna yngri en 18 ára og þeirra sem þurfa á almennri félagsþjónustu að halda. Í þeim tilvikum þurfa reglur sveitarfélagsins að vísa skýrlega til viðeigandi ákvæða í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, þ.e. lögum um málefni aldraðra, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglum um skólaakstur. Í 7. gr. síðastnefndu reglnanna segir að grunnskólanemendur sem sökum fötlunar geta hvorki nýtt sér almenningsgöngur né skólaakstur eigi rétt á ferðþjónustu til og frá skóla.

3. gr.

Fyrirkomulag.

Viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins.

Þegar um er að ræða ferðir vegna atvinnu eða náms skal miða við að hver og einn notandi fái eins margar ferðir og eðlilegt má telja að sú atvinna eða nám kalli á.

Auk þess á einstaklingur rétt á að lágmarki tveimur ferðum þá daga sem viðkomandi sækir þjónustu á þjónustustofnanir eða aðra nauðsynlega þjónustu sem veitt er fötluðu fólki.

Ferðir vegna afþreyingar eða tólmstunda skulu metnar í samráði við hvern og einn og skal í öllum tilfellum meta þarfir og markmið viðkomandi einstaklings og getu hans til að ná þeim markmiðum.

Við endurskoðun á viðmiðum um ferðafjölda gildir eftirfarandi:

- a. Tilkynningar og samráð: Tilkynna ber notendum, talsmönnum þeirra og réttindagæslumönnum um það þegar almenn viðmið um ferðafjölda eru tekin til endurskoðunar. Umsagna skal leitað ef notendur eiga ekki fulltrúa í því ráði eða nefnd innan sveitarfélagsins sem undirbýr breytingu.
- b. Athugun á viðmiðum í öðrum sveitarfélögum: Skoða ber fyrirkomulag þjónustunnar í aðliggjandi sveitarfélögum eða innan þjónustusvæðis með það fyrir sjónum að framkvæmdin verði eins og best gerist. Samhliða ber að kanna möguleika á samkomulagi um ferðir milli sveitarfélaga, sbr. 6. gr.
- c. Aðlögunartími: Gefa ber notendum aðlögunartíma áður en ákvörðun um ný viðmið kemur til framkvæmda.



4. gr.

Undanþágur og frávik vegna sérstakra aðstæðna.

Samhliða því að ný viðmið eru ákveðin ber að upplýsa notendur um möguleika á undanþágu og frávik vegna sérstakra aðstæðna. Æskilegt er að kveðið sé á um slík atriði í birtum reglum en einnig má koma þessum upplýsingum á framfæri með tilkynningum. Til þessara aðstæðna getur meðal annars talist ef fatlað fólk sem á bifreið þarf á ferðaþjónustu að halda.

5. gr.

Gjaldtaka.

Ef reglur sveitarfélags kveða á um að notendur greiði gjald vegna ferðaþjónustu skal samhliða reglum setja gjaldskrá. Í samræmi við gjaldtökuheimild laga um málefni fatlaðs fólks skal gjaldið taka mið af gjaldi fyrir almenningssamgöngur á viðkomandi svæði.

Séu almenningssamgöngur eru ekki til staðar í sveitarfélaginu þarf engu að síður að finna viðmið og er mælt með því að notast sé við gjaldtöku í því sveitarfélagi eða á því þjónustusvæði sem næst er og þar sem boðið er upp á almenningssamgöngur.

Sveitarfélag getur einnig valið að veita aðstoð vegna samgöngukostnaðar með sameiginlegum reglum sem byggja á lögum um málefni fatlaðs fólks og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. 2. gr. hér að framan, og þannig tryggt að fötlun einstaklinga komi ekki í veg fyrir að þeir geti stundað atvinnu og nám og notið tómsunda og afþreyingar.

6. gr.

Ferðir út fyrir mörk sveitarfélags.

Sé þjónustustofnun eða önnur nauðsynleg þjónusta fyrir fatlað fólk, sbr. 1. gr., staðsett í öðru sveitarfélagi getur lögheimilissveitarfélag kannað hvort grundvöllur sé fyrir samkomulagi milli sveitarfélaganna sem tryggja aðgang að þeirri þjónustu. Sama gildir ef notandi dvelst tímabundið í öðru sveitarfélagi. Frumskylda skv. 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks hvílir þó ávallt á lögheimilissveitarfélagi notanda.

7. gr.

Ferðir innan Norðurlanda.

Sveitarfélög geta ákveðið hvort þau taki þátt í þróunarverkefnum, sem nú eru í gangi, um gagnkvæma aðstoð við ferðir notenda innan Norðurlanda. Reykjavíkurborg og aðrar höfuðborgir landanna eru í forsvari fyrir verkefnið.

8. gr.

Þjónustubættir og þjónustustig.

Framkvæmd ferðaþjónustu skal styðja við það markmið að efla vald fatlaðs fólks yfir aðstæðum sínum og lífi, styrkja félagslega stöðu þess, sjálfsvirðingu og lífsgæði.

Reglur sveitarfélags skulu ganga út frá því að aðstæður hvers einstaklings eigi að meta sérstaklega. Þar ber að meta markmið einstaklingsins, meðal annars hvað varðar atvinnu, nám og tómsundir, og hvaða þarfir hann hefur fyrir ferðaþjónustu sem myndi gera honum kleift að



ná þeim markmiðum. Sveitarfélagið skal leitast við að tryggja fjölbreytt þjónustuframboð á sviði ferðaþjónustu, svo sem með aðgangi að leigubifreiðum.

Í reglum sveitarfélags ber að tiltaka þær stofnanir og aðra þjónustuaðila innan sveitarfélagsins sem notendum er ekið til og frá. Hafi ákvörðun verið tekin um að reglurnar nái einnig til aksturs vegna meðferðar sem veitt er af heilbrigðisþjónustunni, vinnumarkaðsúrræða eða skólasóknar, skal tiltaka þær stofnanir eða aðila sem aksturinn sem nær til.

Ef formlegt þjónustumat er lagt til grundvallar við úrlausn á erindum um ferðaþjónustu þurfa reglur sveitarfélags að tiltaka helstu atriði sem matið byggist á og að teknu tilliti til þjónustu- og gæðaviðmiða sem ráðherra hefur umsjón með skv. 2. mgr. 3. gr. laga um málefni fatlaðs fólks.

Byggist fyrirkomulag ferðaþjónustu að hluta á samnýtingu ferða skulu reglur sveitarfélags tiltaka þjónustutíma innan dagsins, bæði virka daga og um helgar. Jafnframt komi skýrt fram hver sé fyrirvari á ferðaþöntun. Reglur þurfa einnig að kveða á um ferðatíma að teknu tilliti til aðstæðna í hlutaðeigandi sveitarfélagi og legu leiða. Þannig setji sveitarfélag skýr viðmið um það hver ferðatími megi lengstur vera, til dæmis í hlutfalli við almenningssamgöngur þar sem við á eða með hliðsjón af reglum um skólaakstur. Eðlilegt er að reglur hafi að geyma fyrirvara vegna færðar og slíkra atriða.

Byggist fyrirkomulag ferðaþjónustu einkum á leigubifreiðum skal koma skýrt fram í reglum ef ætlunin er að mæla fyrir um takmörk varðandi lengd ferða. Þetta á einkum um við um ferðaþjónustu sem veitt er um langan veg í dreifðum byggðum. Við slíka takmörkun skal leitast við að veita notanda þjónustunnar heimild til að auka kostnaðarþátttöku sína í þjónustunni þegar takmörkun er náð í stað þess að hún falli niður í heild eða að hluta. Sveitarfélag getur sett sér viðmið í því efni en þau verða að vera málefnaleg og réttmæt, jafnframt því að leyst sé úr erindum með sem hagkvæmustum hætti, til dæmis með samnýtingu við annan akstur sem sveitarfélagið skipuleggur.

Upplýsa ber notendur, talsmenn þeirra og réttindagæslumenn þegar til stendur að gera verulegar breytingar á þjónustunni, sbr. a-lið 3. gr.

Um samninga við þriðja aðila gilda innkaupareglur sveitarfélags.

9. gr.

Öryggi og tengd atriði.

Í reglum sveitarfélags skal fjallað um öryggismál og tengd atriði, m.a. að bifreiðastjóri í þjónustu skv. 8. gr. skuli hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla.

Enn fremur skal koma fram að sveitarfélagi sé óheimilt að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar ferðaþjónustu sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, með síðari breytingum. Við afgreiðslu umsóknar um starf bifreiðastjóra eða gerð ráðningarsamnings skal liggja fyrir sakavottorð enda er mælt fyrir um það í 43. gr. laga um málefni fatlaðs fólks að stjórnendur hjá sveitarfélögum sem fara með þjónustu við fatlað fólk eigi rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn umsækjandi um starf á þeirra vegum hafi hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga eða annarra ákvæða sömu laga, að fengnu samþykki hans.



Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, meðal annars að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

Ákvæði um þagnarskyldu taka til bifreiðastjóra skólabifreiðar þótt hann sé ekki starfsmaður sveitarfélags. Í samningi sveitarfélags um skólaakstur á þess vegum skal kveðið sérstaklega á um hæfi og skyldur bifreiðastjóra.

10. gr.

Annars konar ferðaþjónusta.

Ferðaþjónusta samkvæmt reglum sveitarfélags getur einnig tekið til þess fyrirkomulags að starfsfólk aki bifreið sinni í þágu fatlaðs einstaklings, til dæmis sem hluti af frekari liðveislu. Ferðaþjónusta getur einnig tengst framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA).

Einstaklingsbundna samninga um slíkt fyrirkomulag skal gera milli notanda, starfsmanns og sveitarfélags þar sem kveðið er á um greiðslu kostnaðar og tekið tillit til skattlagningar á greiðslum. Í samningi skal jafnframt koma fram hvaða tryggingavernd sé til staðar fyrir hagsmuni notanda og starfsmanns. Einnig hvernig farið skuli með tjonstilvik, greiðslu sjálfsábyrgðar og þess háttar atriði.

11. gr.

Leiðbeiningarskylda og tengd atriði.

Þegar leyst er úr erindi um ferðaþjónustu ber að gefa notanda, og talsmanni hans ef við á, andmælarétt áður en ákvörðun þess efnis er tekin sem og leiðbeiningar um möguleika til þess að kalla eftir endurskoðun á ákvörðun.

Slík endurskoðun getur farið fram innan sveitarfélagsins með stoð í meginreglum um endurupptöku máls, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga. Að öllu jöfnu er nánar kveðið á um farveg endurupptöku í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins en slík ákvæði geta einnig verið í reglum þess um ferðaþjónustu, til dæmis þannig að félagsmálanefnd taki afstöðu til beiðna um endurupptöku.

Þegar úrlausn felur í sér ákvörðun um réttindi og skyldur notanda, þ.e. stjórnvaldsákvörðun, skal í öllum tilvikum veita leiðbeiningar um að skjóta megi málinu til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, sbr. 5. gr. laga um málefni fatlaðs fólks eða leita dóms um lögmæti hennar.

Umsókn um ferðaþjónustu skal svarað eins fljótt og auðið er og í öllum tilvikum innan fjögurra vikna frá því að hún er lögð fram.

Reglur sveitarfélags um ferðaþjónustu skal birta í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 38. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, ásamt gjaldskrá ef við á.

12. gr.

Endurskoðun.

Reglur sveitarfélags skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu- og gæðaviðmiða, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.



Tilvísanir

Samningur Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðs fólks, undirritaður af Íslands hálfu þann 30. mars 2007.

Lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Reglur nr. 656/2009, um skólaakstur, með síðari breytingum, nr. 882/2009.

Stjórnsýslulög, nr. 37/1993, með síðari breytingum.

13. gr.

Gildistaka.

Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. febrúar 2012.

Velferðarráðuneytinu

24. janúar 2012